

Ályktun um húsnæðismál

- Ályktun um húsnæðismál
- 30. þing Landssambands íslenzkra verzlunarmanna telur að staðan á húsnæðismarkaði sé óviðunandi. Skortur er á húsnæði á hagstæðu verði bæði til kaups og leigu. Staða kaupenda er erfið og þá sérstaklega þeirra sem eru að kaupa sína fyrstu eign. Algengt er að leigjendur standist ekki greiðslumat þó húsaleiga sem verið er að greiða sé hærri en greiðslumatið segir til um.
- Byggja þarf upp fjölbreyttan leigumarkað svo leigjendur geta leigt húsnæði á viðráðanlegu verði og búið við húsnæðisöryggi. Tryggja verður réttindi leigjanda með öflugri löggjöf og auknu eftirliti. Krafist er áframhaldandi uppbyggingar á óhagnaðardrifnum leigufélögum í líkingu við Bjarg íbúðarfélag. Jafna þarf opinberan stuðning leigjanda og þeirra sem eiga eigið húsnæði svo að húsaleigubætur hækki til jafns við vaxtabætur.
- Krafist er að sveitarfélög klári gerð húsnæðisáætlana og tryggi nægt lóðaframboð fyrir fjölbreytt búsetuform. Þess er krafist að vextir á húsnæðislánnum verði lækkaðir þannig að vaxtastigið verði sambærilegt og í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Huga þarf að fjölbreyttari úrræðum fyrir þá sem eru að kaupa sína fyrstu eign.